

Árlegur útivistardagur og innilega í Sjáländsskóla

Í Sjáländsskóla er komin hefð fyrir því að allir nemendur í 1.-7. bekk fara í sameiginlega fjallagöngu og gista í skólanum. Dagurinn er skipulagður og haldinn í samráði við foreldrafélag skólans.

Í ár ætlum við að feta kunnar slóðir og fara að þessu sinni í árlega göngu skólans á Esjuna. 1.-2. bekkur gengur skógarhring, 3.-4. bekkur hefur val um að ganga skógar- eða Stóra hring og 5.-7 bekkur hefur val um að ganga Stóra hring eða á Þverfellshorn. Forráðamenn sem tók hafa á eru að venju hjartanlega velkomin með í gönguna. Forráðamenn sem koma með eru beðin um að fylgja reglum skólans í göngunni og aldursviðmiðunum um leiðarval, mega t.d. ekki taka fram úr hópnum hvorki með sín börn eða sjálfir. Vegna rútufurðanna viljum við biðja áhugasama um að láta umsjónarkennara vita í síðasta lagi á **þriðjudaginn 4. júní** þannig að hægt sé að ganga frá rútupöntuninni. Kostnaður vegnar rútufurðar forráðamanna er kr. 1000.- Að þessu sinni er enginn kostnaður fyrir nemendur vegna kvöld – og morgunverðar en foreldrafélagið greiðir þann kostnað.

Nemendur mæta í skólann miðvikudaginn 5. júní á venjulegum skólatíma. Brottför frá Sjáländsskóla verður kl. 9:00 (sjá dagskrá hér fyrir neðan). Skóladegi lýkur á fimmtudeginum 6. júní eftir morgunverð og frágang um kl. **11:00**. Athugið að þau börn sem eiga að vera í Sælukoti eftir innileguna þarf að skrá sérstaklega hjá Davíð í síðasta lagi þriðjudaginn 4.júní (sjá bréf frá Sælukoti).

Nemendur þurfa að koma með nesti fyrir gönguferðina og síðdegishressingu til að snæða þegar komið verður til baka. Kvöld – og morgunverður verður í umsjón foreldrafélagsins.

Vinsamlega kynnið ykkur vel meðfylgjandi dagskrá og útbúnaðarlista hér fyrir neðan.

Innilega Sjálandsskóla 5.-6. júní 2013

Skipulag

Nemendur mæta á venjulegum skólatíma miðvikudagsmorguninn 5. júní og hafa þá meðferðis allan þann útbúnað sem þarf fyrir innileguna og fyrir gönguferðina.

Miðvikudagur 5. júní

8:15	Mæting með allt dótið
	1.-2. bekkur á sínu heimasvæði
	3.-4. bekkur á sínu heimasvæði
	5.-6. bekkur á heimasvæði 7. bekkjar
	7. bekkur í Tólstundaheimili og danssal
8:30	Morgunsöngur
9:00	Brottför með rútum
14:00	Heimkoma og síðdegishressing (sem krakkarnir koma með að heiman)
14:00 - 18:00	Frjáls tími og leikur. Nemendur mega koma með dót og aðra afþreyingu að heiman. Nemendur bera ábyrgð sínu dóti.
16:00	Bíómynd fyrir 1.-4. b. á unglingasvæði og leikir á vegum foreldrafélagsins.
16:00	Bíómynd fyrir 5.-7. b. á 7. bekkjarsvæði og leikir á vegum foreldrafélagsins.
17:45 – 18:30	Matur fyrir 1.-4. bekk
19:00 – 20:00	Kvöldvaka hjá 1.-4. bekk í stiganum í miðrými
18:30 – 19:30	Matur 5.-7. bekkur
20:30 - 21:30	Kvöldvaka 5.-7. bekkur
22:00	1.-2. bekkur fer að sofa og starfsmenn lesa kvöldsögu
22:30	3.-4. bekkur fer að sofa og starfsmenn lesa kvöldsögu
23:00	5.-6. bekkur fer að sofa eftir að hafa horft á mynd
24:00	7. bekkur fer að sofa eftir að hafa horft á mynd

Miðvikudagur 6. júní

8:30	Ræs og morgunverður
8:30 - 9:30	Frágangur á svæðum – allir svefnpokar í poka og dýnur upprúllaðar.
9:45 –	Nemendur fara í leiki á skólalóð
11:00	Skóladegi lýkur

Útbúnaðarlisti

Útbúnaður fyrir innilegu:

- Svefnpoki, koddí eða sæng
- Dýna og pumpa ef um slíka dýnu er að ræða (til að vel rúmist um alla biðjum við ykkur að senda börnin með einbreiða dýnu)
- Náttföt og tilheyrandi - tannbursti og snyrtidót
- Föt til skiptana
- Útbúnaður vegna gönguferðar – sjá skipulag á gönguferð
- Nesti til að snæða síðdegis í skólanum (brauð/ávextir og drykkir) (ekki setja það í göngubakpokann – geyma í skólanum)
- Dót fyrir þá sem vilja – Nemendur koma með leikföng á eigin ábyrgð.
- Leyfilegt er að taka með sér litlar leikjatölvur (dvd, psp og nintendo) og ipod. Ekki er heimilt að hafa mér sér fartölvur. Rétt er þó að minna á að ef nemendur kjósa að taka með sér dót þá er það á þeirra ábyrgð.
- Snakk eða popp er leyfilegt þegar bíómynd verður sýnd. Við biðjum ykkur um að senda ekki börnin með sælgæti og gos í innileguna.

Útbúnaður fyrir fjallgöngu:

- Góðir skór til að ganga í. Hér er átt við gönguskó eða íþróttaskó sem halda vel við fótinn. Ekki er gott að ganga í stígvélum eða þunnum/léttbotna strigaskóm.
- Fatnaður sem hæfir veðri dagsins. Mikilvægt er þó að allir hafi meðferðis vindheldan jakka og buxur. Húfu og vettlinga er alltaf gott að hafa í bakpokanum.
- Nesti sem duga á frá klukkan 9-14. Brauð, drykkir og kex. (ekki er leyft að hafa með sér sælgæti og gos)
- Bakpoki sem hæfir aldri og stærð barnsins. Mikilvægt er að axlaböndin séu breið þannig að böndin skerist ekki niður í axlir barnsins. Margir eiga skólatöskur sem nota má sem ferðapoka.

Gönguferðin 2013

Árleg gönguferð nemenda, starfsmanna og foreldra í Sjálandsskóla verður farin miðvikudaginn 5. júní kl: 9:00.

Við göngum að þessu sinni á Esjuna.

A: Styttri gangan - Skógarhringur. Nemendur í 1.-4. bekk fara með kennurum eftir göngustígnum og yfir í skóginn. Göngtími 2-3 klst. Að göngu lokinni fara nemendur í frjálsan leik á svæðinu. Göngustjóri verður Guðrún Dóra.

B: Langa ganga - Stóri hringur . Nemendur í 3.-7. bekk fara upp göngustíginn og langleiðina að Gunnlaugsskarði og svo niður í skóg. Gangan tekur rúmlega 3 klst. Nemendur í 5.-7. bekk fara í þessa göngu en áhugasamir nemendur í 3. – 4. bekk mega fara þessa göngu. Að göngu lokinni fara nemendur í frjálsan leik þegar komið er niður af fjallinu. Göngustjóri verður Bjarnveig.

B: Erfiða gangan - Þverfellshorn . Nemendur í 5.-7. bekk ganga stóra hringinn á Esjuna en þeir sem kjósa að reyna meira á sig geta gengið á Þverfellshorn sem liggur frá bílastæði upp að útsýnisskífu á Þverfellshorni í um 780 metra hæð yfir sjávarmáli. Gangan tekur rúmlega 3 klst. Þetta er krefjandi gönguleið og nokkuð áhættusöm í klettabeltinu og því aðeins í boði fyrir elstu árgangana. Göngustjóri er Þórey.

----- klipp

Fjallgangan í innilegu

Farið frá Sjálandsskóla í rútu upp að Esju. Nemendur geta valið þrjár gönguleiðir:

- A. Skógarhringur, 1.-4. bekkur (að brú og yfir í skóginn)
- B. Stóri hringur, 3.-7. bekkur (upp göngustíginn, langleiðina að Gunnlaugsskarði og svo niður í skóg)
- C. Þverfellshorn 5.-7. bekkur (upp klettabeltið, nokkuð áhættusamt og erfitt)

Ég hef kynnt mér upplýsingar um Innilegu Sjálandsskóla 4.-5. júní.

Barnið mitt _____ velur gönguleið () A () B () C

Undirskrift forráðamanns